

Sorpsamlag Strandasýslu  
Hafnarbraut 19  
510 HÓLMAVÍK

S a m r i t

Kennitala 470786-1329

Dags. 14. janúar 2011

### Frjáls ábyrgðartrygging, skírteini 59-51575

Félagið vátryggir samkvæmt ákvæðum skírteinis þessa og vátryggingarskilmálum þeim sem um vátrygginguna gilda.

Vátryggingartaki: Sorpsamlag Strandasýslu

Félagið: Sjóvá-Almennar tryggingar hf.

Skírteinið þann 14.01.2011.

Hið vátryggða: Ábyrgð v/Bráðamengunar.

Vátryggingarfjárhæð: Kr. 235.000.000.

Eigin áhætta: Eigin áhætta grunnskilmála gildir nema annað sé tekið fram: 15%, lágmark 77.000, hámark 770.000.

Útgáfudagur: 01.09.2010. Vátryggingin endurnýjast 1. september ár hvert.

#### Iðgjaldsgrundvöllur:

001 Ábyrgð vegna bráðamengunar

*Tjónareynsluafsláttur fellur niður við næstu endurnýjun  
vátryggingarinnar ef tjón verður á vátryggingartímabilinu.*

Sérsamdir skilmálar: Sjá fylgiblað.

Vsknr F7E  
Sorpsamlag Strandasýslu  
Hafnarbraut 19  
510 Hólmavík

Sorpsamlag Strandasýslu  
Hafnarbraut 19  
510 HÓLMAVÍK

**Frjáls ábyrgðartrygging 59-51575**  
**Fylgiblað númer 1 af 3**

**Sérsamdir skilmálar**

Sérskilmáli vegna bráðamengunartjóna skv. 16. gr. laga nr.

33/2004:

Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. skilmála tekur vátryggingin til bótaskylda bráðamengunartjóns samkvæmt 16. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda og reglugerð nr. 1078/200 þótt tjónið verði ekki rakið til saknæmrar háttsemi vátryggðs eða starfsmanns hans, enda sé um að ræða mengun hafs eða strandar sem krefst tafarlausra aðgerða.

Vátryggingin tekur jafnframt til kostnaðar af ráðstöfunum til að takmarka slíkt tjón eða skaða.

Vátryggingin gildir hvar sem er innan mengunarlögsögu Íslands. Ábyrgð félagsins hvort sem er vegna hvers einstaks tjónsatburðar eða samtals á vátryggingarárinu takmarkast við 1.000.000,- SDR þrátt fyrir að annarar fjárhæðar sé getið á vátryggingarskírteini Af hverju tjóni ber vátryggður eigin áhættu eins og getið er í skírteini eða iðgjaldskvittun. Vátrygging skv. sérskilmála þessum tekur ekki til bótaábyrgðar sem er víðtækari en eftir þeim reglum sem gilda skv. lögum nr. 33/2004.

Enda þótt vátryggingin sé fallin úr gildi, ber félagið ábyrgð gagnvart tjónþola (þriðja manni) á hverju tjóni sem rekja má til tjónsatvika, sem verða þar til til fjórar vikur eru liðnar frá því að félagið tilkynnti vátryggðum og Umhverfisstofnun að átryggingin væri fallin úr gildi, nema önnur fullnægjandi vátrygging hafi verið tekin fyrir þennan frest.

Sorpsamlag Strandasýslu  
Hafnarbraut 19  
510 HÓLMAVÍK

**Frjáls ábyrgðartrygging 59-51575**  
**Fylgiblað númer 2 af 3**

Í slíkum tilvikum á félagið ætíð endurkröfurétt á hendur  
vátryggðum, hafi félagið greitt bætur eftir að vátrygging hefur  
fallið niður.

Hafi félagið greitt bætur vegna bótaskylds bráðamengunartjóns á  
það endurkröfurétt á hendur vátryggðum eða hverjum þeim, sem  
valdið hefur tjóni með háttsemi, sem telst stórfellt gáleysi eða  
ásetningur, sbr. 4. gr. reglugerðar sem sett er skv. lögum  
nr. 33/2004.

Varúðarregla:

Vátryggður skal gera ráðstafanir í starfsemi sinni til þess að  
tryggja öryggi efna sem valdið geta mengun eða bráðamengun, þar  
á meðal fylgja kröfum laga og reglugerða á því sviði sem  
starfsemi hans er.

Sorpsamlag Strandasýslu  
Hafnarbraut 19  
510 HÓLMAVÍK

**Frjáls ábyrgðartrygging 59-51575**  
**Fylgiblað númer 3 af 3**

**Kynntu þér efni vátryggingarsamnings og ákvæði vátryggingaskilmála:**

Félagið hvetur þig til þess að kynna þér ákvæði vátryggingarskírteinis þessa auk ákvæða skilmála varðandi greiðslu iðgjalds, takmörkun ábyrgðar, varúðarreglur og fresti til að tilkynna um vátryggingaratburð.

Í vátryggingum þar sem skírteini inniheldur viðkvæmar persónuupplýsingar sem varða vátryggðan eru þær upplýsingar einungis birtar á vátryggingarskírteini því sem sent er vátryggðum.

Skilmálar eru aðgengilegir á skrifstofum félagsins eða heimasíðu þess; [www.sjova.is](http://www.sjova.is).

**Nánari upplýsingar um vátrygginguna eða þörf á frekari vátryggingavernd:**

Félagið veitir frekari upplýsingar um vátrygginguna en fram koma á skírteini þessu auk ráðgjafar um þörf á vátryggingavernd. Hægt er að hafa samband við félagið í síma 440-2000 eða með fyrirspurnum í tölvupósti á netfangið [sjova@sjova.is](mailto:sjova@sjova.is).

**Tilkynningar um tjón:**

Hægt er að tilkynna tjón á skrifstofum félagsins sem eru opnar frá kl. 8:30 til 16:30 alla virka daga, í þjónustusíma 440-2000, á heimasíðu félagsins [www.sjova.is](http://www.sjova.is) eða í tölvupósti á netfangið:

[tjonstilkynningar@sjova.is](mailto:tjonstilkynningar@sjova.is). Tjónavakt félagsins er opin allan sólarhringinn. Símanúmer tjónavaktar er 800-7112.

**Frestur til að tilkynna um tjón og til lögfræðilegra aðgerða:**

Tilkynna ber féluginu um tjón án ástæðulauss dráttar, sbr. 3. mgr. 28. gr. og 1. mgr. 92. gr. laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga (VSL). Réttur til greiðslu bóta getur fallið niður ef vátryggður tilkynnir féluginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem krafan er reist á, sbr. 1. mgr. 51. gr. og 1. mgr. 124. gr. VSL.

Hið sama á við ef félagið hefur hafnað kröfu um bætur. Í slíkum tilvikum getur vátryggður eða sá sem á rétt til bóta glatað þeim rétti ef hann hefur ekki höfðað mál eða krafist meðferðar máls fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum innan eins árs frá því að hann fékk skriflega tilkynningu um að kröfu hans væri hafnað, sbr. 2. mgr. 51. gr. og 2. mgr. 124. gr. VSL.

**Meðferð ágreiningsmála:**

Félagið tekur ákvörðun um bótaskyldu. Ágreining um bótaskyldu félagsins, þ.m.t. sök og sakarskiptingu skaðabótaskyldra aðila, má leggja fyrir **Tjónanefnd vátryggingarfélaganna**. Meðferð máls hjá nefndinni er aðilum að kostnaðarlausu. Nefndin fjallar ekki um bótajárhæðir.

Einnig er unnt að leggja ágreining um bótaskyldu, sök og sakarskiptingu auk ágreinings um atriði, er varða ákvæði laga nr. 30/2004 um vátryggingarsamninga, fyrir **Úskurðarnefnd í vátryggingamálum**, sem vistuð er hjá Fjármálaeftirlitinu. Hægt er að nálgast eyðublað úrskurðarnefndarinnar á [www.sjova.is](http://www.sjova.is), á skrifstofum félagsins eða hjá Fjármálaeftirlitinu, Suðurlandsbraut 32, Reykjavík. Sá sem skýtur máli til Úrskurðarnefndar í vátryggingamálum þarf að greiða málskotsgjald. Falli málið hinum í vil, að einhverju eða öllu leyti, fær hann málskotsgjaldið endurgreitt. **Málsmeðferð fyrir nefndum þessum skerðir ekki rétt aðila til þess að fara með mál fyrir dómistóla.**

Kvörtunum er lúta að þjónustu og málsmeðferð félagsins má vísa til **Neytendaþjónustu félagsins** á aðalskrifstofu þess.